

Ábyrgð

febrúar – mars - apríl

Íhugunaratriði:

- Ábyrgð er að hjálpast að.
- Ábyrgð er umhyggjusemi.
- Ábyrgð er að gera sitt besta.
- Ábyrgð er að fara vel með hluti.
- Ábyrgð er að hjálpa þeim sem þurfa á hjálp að halda.
- Ábyrgð er að vera sanngjarn.
- Ábyrgð er að hjálpa til við að skapa betri heim.
- Ábyrgð er að deila.
- Ábyrgð er að minnka neyslu.

Markmið:

- Að auka reynsluna af ábyrgð.
- Að auka þekkingu á ábyrgð.
- Að skapa tækifæri til að sýna ábyrgð.
- Að börnin þrói með sér ábyrgðar-tilfinningu.

Við leggjum áherslu á ábyrgð með því að:

- Hugsa vel um náttúruna og flokka
- Tala fallega til hvors annars
- Vera kærleiksrík við fólk og dýr
- Hlusta á og virða skoðanir hvors annars
- Efla sjálfstraust barnanna með því að skapa þeim aðstæður til að vinna dagleg störf með fullorðnu fólki
- Huga að heilsunni
- Hlúa vel að vinum okkar
- Gefa börnunum hlutverk

Deilum gildum okkar til að skapa betri heim

Söngvar og þulur:

- Nú er úti norðanvindur
- Frost er úti fuglinn minn
- Krummalög
- Þorraþræll
- Góða mamma
- Pabbi, mamma og börnin

Sögur og leikir:

- Hvísluleikur
- Bínu bækurnar
- Við erum öll fædd frjáls
- Kuggur
- Lífsgildabækur
- Fía Sól
- Rúnar Góði
- Langelstur í bekknum
- Sokki og Bokki
- Sagan af skessunni sem leiddist

Umræður:

- Hvað er ábyrgð?
- Hvaða ábyrgð berist þið í leikskólanum?
- Hvernig líður ykkur þegar þið hafið unnið vel? Hvað segið þið þá við ykkur sjálf?
- Hvernig líður ykkur þegar eitthvað er erfitt?
- Er gott að hafa reglur? Hvaða reglur eru sanngjarnar?
- Hver er ábyrgð ykkar heima?
- Hvað getum við gert til að skapa betri heim?
- Hver er ábyrgð t.d. foreldra, slökkviliðsmanns, læknis, leikskólakennara eða barns?

Að tengja lífsgildin daglegu starfi

- Við berum ábyrgð á leikskólanum og göngum vel um hann og leikföngin okkar.
- Börnin taka þátt í ákvarðana-töku um ýmis málefni.
- Við berum ábyrgð á umhverfinu okkar með því að endurnýta efnivið.
- Börnin sinna eldvarnareftirliti, umhverfiseftirliti og eru í hjálparstarfi.
- Eldri börn eru góðar fyrirmyndir fyrir þau yngri.
- Við búum til fuglamat og gefum fuglunum.
- Við bjóðum fjölskyldum barnanna í kærleikskaffi.
- Við sáum fræjum og vökvum.
- Börnin teikna mynd af foreldrum sínum og lýsa þeim.
- Opið flæði milli deilda.
- Deildir skiptast á leikföngum.